

1862.

ekki virðist bera nauðsyn til að skipa annanhvorn af dómendum í yfirdóminum sem settan dómara til að dæma mál þetta, með því ekki getur hjá því farið, að fela megi starfa þenna einhverjum þeim af héraðsdómurinum, sem eigi verður riðinn við mál það, sem hér er um rætt, og úrslit þess eigi snerta hans hag.

**63. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um útvísun hússtæðis í Reykjavík.**

Með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 4. þ. m., hafid þér sent dómsmálastjórninni aptur bréf nokkurt frá Wulff verzlunarstjóra í Reykjavík, en í því bréfi ber hann fram umkvörtun sína yfir því, að mæld hefir verið út lóð eptir beiðni Andersens skipstjóra til að byggja á geymsluhús við endann á Aðalstræti, sem svo er kallað, þar í bænum.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörð það hlutadeigendum, að stjórnarráðið ekki finnur ástæðu til að gjöra breyting á útvísun lóðar þessarar, sem byggingarnefndin hefir úthlutað, og amtmaður lagt á það samþykki sitt.

**64. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, út af fyrirspurn um rétt til kennaraembætta.**

Jón Þorkelsson, settur adjunkt við lærða skólann í Reykjavík, hefir í bréfi, er hann sendi beina leið til stjórnarráðsins, spurt um, hvort svo beri að álíta, að tilskipun 2. febrúarm. 1849 um þau lærdómspróf, sem veita mönnum hæflegleika til að geta fengið æðri kennaraembætti við hina lærðu skóla, hafi lagagildi á Íslandi, og hvort hann, er hann hafi leyst af hendi embættispróf í málfræði og í því prófi hlotið fyrstu einkunn, geti gjört sér von um, þegar skólameistaraembættið eður yfir-kennaraembættið við greindan skóla kunni að losna, og þau

1862. embætti verða veitt, og þó einkum hið fyrnefnda, að verða þá  
27. októberm. tekinn fram yfir eldri kennara við skólann, sem annaðhvort hafa  
tekið embættispróf í guðfræði eður ekkert embættispróf leyst af  
hendi.

Út af þessu biður stjórnarráðið yður, herra stiptamtmaður,  
og yður, háæruverðugi herra, að kunngjöra Jóni Þorkelssyni, að  
þó hann hefði þau forrættindi, sem tilskipun 2. febrúarm. 1849  
veitir kandiðötum í málfræði, en þessi forrættindi hefir hann eigi,  
er hann ekki hefir leyst af hendi það hið verklega próf, sem  
fyrir er skipað í 13. grein tilskipunarinnar, smbr. 15. grein, þá  
gæti hann eigi í því tilliti, sem hér er um spurt, stuðzt við  
ákvarðanir hennar, með því þær ekki skilyrðislaust verða heim-  
ferðar til Íslands.

27. októberm. **65. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyrir-  
valdanna á Íslandi, um kennslustörf við hinn lærða  
skóla í Reykjavík.**

Í bréfi dagsettu 2. þ. m. hafid þér, herra stiptamtmaður,  
og þér, háæruverðugi herra, stungið upp á, að kand. phil. Jón  
Þorkelsson, sem þér hafid sett til að gegna hinu 4. kennara-  
embætti við hinn lærða skóla í Reykjavík, sem nú er laust, og  
veitt honum þau laun, sem ákveðin eru fyrir embætti þetta, en  
það eru 500 rd. á ári, fái meðan hann er skipaður í embætti  
þetta launaviðbót eptir kornverði af embættislaunum þessum  
eptir lögum 19. febrúarm. 1861; svo hafid þér og stungið upp  
á, að cand. phil. Halldór Guðmundsson, sem tekinn hefir verið  
til að kenna í skólanum lærdómsgreinir þær, er snerta rúmmáls-  
fræði, fyrir þá borgun, sem vant er að veita fyrir tímakennslu,  
verði settur sem kennari í þessum lærdómsgreinum með sömu  
kjörum og ofan nefndur Jón Þorkelsson hefir haft að undan-  
förnu meðan hann hefir verið settur kennari við skólann, en það  
er á þann hátt, að hann fái 400 ríkisdala þóknun á ári, er  
greidd sé af því fé, sem í fjárhagslögunum er ætlað til tíma-  
kennslu við skólann.